

Ed.

914. L Ö G

um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi.

(Afgreidd frá Ed. 12. september.)

1. gr.

Burðargjöld þau öll og ábyrgðargjöld innanlands með póstum og póstskipum, sem ræðir um í póstlögum 16. nóv. 1907, hækka um helming (100%). Þó skulu blöð og tímarit undanþegin þessari hækkun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1919.